



Upplýsingagjöf vegna umsóknar um innheimtuleyfi, skv. 15. gr., sbr. 4.
og 5. gr. innheimtulaga nr. 95/2008

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir innheimtuleyfi samkvæmt II. kafla innheimtulaga nr. 95/2008. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að á heimasíðu Seðlabanka Íslands má finna yfirlit yfir m.a. reglugerðir, reglur, viðmiðunarreglur og leiðbeinandi tilmæli sem gefin hafa verið út m.a. í tengslum við starfsemi innheimtuaðila. Umsækjendum er bent á að kynna sér það efni sem er viðeigandi fyrir þá starfsemi sem sótt er leyfi fyrir.

Umsókn skal vera skrifleg, ítarleg og undirrituð af stjórn félagsins ef umsækjandi er lögaðili.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem það hefur veitt innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., svo og þeim aðilum sem taldir eru upp í 2. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., að lögmönnum undanskildum, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Um eftirlit fjármálaeftirlitsins gilda lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Umsókninni skulu fylgja eftirfarandi:

Nr.	Lagatilvísun	Efni
1.	a., b., c. og d. liðir 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr.	Staðfesting á lögræði umsækjanda og fjárhagslegri stöðu. Gott orðspor. Upplýsingar um þekkingu og starfsreynslu umsækjanda. Upplýsingar um lögheimili umsækjanda.
1.1		Einstaklingur sem sækir um innheimtuleyfi, framkvæmdarstjóri eða yfirmaður viðkomandi innheimtustarfsemi skal skila inn spurningalista um hæfi ásamt náms- og starfsferilsyfirliti Hafa skal samband við Seðlabanka Íslands til að fá spurningalistann afhentan.
1.2		Sakavottorð umsækjanda ef um einstakling er að ræða. Ef umsækjandi er lögaðili þarf framkvæmdastjóri eða yfirmaður að skila inn sakavottorði.
2.	e. liður 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr.	Staðfesting á að umsækjandi sé ekki í vanskilum með vörsluskatta
2.1		Staðfesting á því að umsækjandi sé ekki í vanskilum með vörsluskatta ef um er að ræða einstakling. Ef umsækjandi er lögaðili þarf einnig að fylgja staðfesting framkvæmdastjóra eða yfirmanns starfseminnar á því að hann sé ekki í vanskilum með vörsluskatta.
3.	f. liður 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr.	Gild starfsábyrgðartrygging
3.1	14. gr.	Staðfesting á því að starfsábyrgðartrygging frá váttryggingafélagi eða bankaábyrgð frá banka eða sparisjóðs sé í gildi fyrir starfsemina. <i>Tryggingin skal nema minnst kr. 5.500.000 vegna hvers tjónsatburðar og heildarfjárhæð innan hvers váttryggingarárs skal nema minnst kr. 16.500.000. Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmennsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst sú trygging fullnægjandi.</i>

4.	b-liður 1. mgr. 3. gr.	Upplýsingar um starfsstöð innheimtunnar
4.1		Upplýsingar um fasta starfsstöð innheimtunnar hér á landi.
5.	2. mgr. 10. gr.	Meðferð innheimtufjár
5.1		Staðfestingu á stofnun vörslufjárreiknings.
6.		Aðrar upplýsingar
6.1	4. mgr. 4. gr. reglna nr. 981/2016	Upplýsingar um starfsskipulag viðkomandi innheimtustarfsemi. Með starfsskipulagi er m.a. átt við skipurit og fyrirhugað innheimtuferli.
6.2	4. mgr. 4. gr. reglna nr. 981/2016	Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. þrjú ár.
6.3	4. mgr. 4. gr. reglna nr. 981/2016	Upplýsingar um aðra starfsemi innheimtuaðilans en innheimtustarfsemi.
6.4	4. mgr. 4. gr. reglna nr. 981/2016	Ársskýrslur síðustu þriggja ára ef starfsemi er hafin. Ef unnt er, eiga ársskýrslurnar að vera endurskoðaðar.
6.5	6. mgr. 4. gr. reglna nr. 981/2016	Upplýsingar um stofnendur, hluthafa, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur innheimtustarfseminnar.
6.6	Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019	<p>Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila er ætlað að setja fram og samræma hvaða viðmið liggja til grundvallar mati á hlítingu eftirlitsskyldra aðila við ákvæði í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum varðandi rekstraráhættu með áherslu á rekstur upplýsingakerfa og notkun upplýsingatækni vegna hennar.</p> <p>Á grundvelli framangreindra tilmæla er óskað eftir:</p> <p>Lýsingu á upplýsingatækni hverfi fyrir meginferla fyrirtækisins sem og áætlun hvernig upplýsingaöryggi verði tryggt.</p> <p>Ef upplýsingatækni kerfum eða rekstri þeirra er útvistað skal því einnig lýst sem og senda afrit að útvistunarsamningum.</p> <p>Staðfestingu á því að úttekt skv. leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019 hafi verið pöntuð og að henni verði skilað innan 6 mánaða frá útgáfu</p>

Kostnaður við umsókn og eftirlitgjald

Umsækjendum er bent á að kynna sér kostnað af umsókn um innheimtuleyfi og eftirlitsgjald:

- Umsóknargjald, sbr. 3. tl. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Umsóknargjald er greitt samhliða innlagningu umsóknar.
- Kostnaður við útgáfu innheimtuleyfis, sbr. 15. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs. Kostnaðurinn greiðist við útgáfu innheimtuleyfisins.
- Árlegt eftirlitsgjald innheimtufélaga, sbr. 14. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gjaldið er greitt í þremur greiðslum.